

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Eftirtaldar götur verða aðalbrautir:
 - a. **Ónefndur vegur** að Umferðarmiðstöðinni, þó þannig að umferð um hann viki fyrir umferð um Hringbraut og Hafnarfjarðarveg (Reykjanesbraut).
 - b. **Norðurhólar**. Umferð um þá viki þó fyrir umferð um Vesturhóla.
 - c. **Seljaskógar**, milli Breiðholtsbrautar og Grófarsels. Umferð um þá viki þó fyrir umferð um Breiðholtsbraut.
 - d. **Miðskógar**. Umferð um þá viki þó fyrir umferð um Seljaskóga og Stekkjarbakka.
 - e. **Seljabraut**. Umferð um hana viki þó fyrir umferð um Seljaskóga og Jaðarsel.
 - f. **Stekkjarkakki**. Umferð um hann viki þó fyrir umferð um Breiðholtsbraut, Álfabakka og tengigötu við Reykjanesbraut.
 - g. **Skógarsel**. Umferð um það viki fyrir umferð um Raufarsel.
2. Umferð um Hraunberg ber að vika fyrir umferð um Austurberg með biðskyldu.
3. Á Skólavörðustíg frá Bergstaðastræti að Laugavegi er heimilt að leggja bifreiðum við stöðumæla beggja vegna götunnar.
4. Ákvæði um takmörkun umferðar um Fálkabakka hafa verið felld úr gildi.

Auglýsing þessi tekur gildi 3. nóvember 1981.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. október 1981.

Sigurjón Sigurðsson.

28. júlí 1981.

Nr. 608.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði.

Umferð um Kvíholt er stöðvunarskyld við gatnamót **Ölduslóðar** (stanz).

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi frá og með 1. ágúst 1981.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Hafnarfirði, 28. júlí 1981.

Einar Ingimundarson.

Endurprentað blað.